

Verklagsreglur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um tækifærisskemmtanir

Reglur þessar fjalla um tækifærisskemmtanir í byggingum sem hannaðar eru til annarra eða takmarkaðri nota en fyrirhuguð samkoma felur í sér. Markmið reglnanna er að tryggja líf og öryggi fólks á slíkum samkomum til jafns við samkomur sem haldnar eru í húsnæði sem er til þess hannað og byggt. Getur þetta t.d. átt við um íþróttahús sem nota á til tónleika, sýningar eða fjölmennrar samkomu, eða byggingu sem ekki er hugsuð til samkomuhalds eins og vöruskemmu eða flugskýli. Einnig getur þetta átt við sérstaklega hannað og byggt samkomuhús ef fyrirhuguð notkun gerir meiri kröfur til eldvarna en hönnun húsnæðisins gerir ráð fyrir. Breytt notkun byggingar er samkvæmt byggingarreglugerð háð samþykki viðkomandi byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar, og eru reglur þessar unnar í samráði við byggingarfulltrúa á starfssvæði Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS).

1. Tækifærisskemmtanir eru háðar leyfi lögreglustjóra samkv. lögum um veitinga- og gististaði nr. 67/1985 og veitir slökkviliðsstjóri umsögn um eldvarnir áður en leyfi er veitt.
2. Samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 ber eigandi mannvirkis megin-ábyrgð á að það fullnægi kröfum um brunavarnir og að þær taki mið af þeirri starfsemi sem fram fer í húsinu á hverjum tíma. Því skal eigandi eða eftir atvikum forráðamaður viðkomandi húsnæðis standa skil á fullnægjandi eldvörnum gagnvart SHS.
3. Til að hægt sé að heimila skemmtanahald af þeim toga sem er lýst hér að framan skal viðkomandi bygging uppfylla grunnákvæði 107. gr. byggingarreglugerðar um eldvarnir í samkomuhúsum: innanhússklæðningar, hólfanir, út- og neyðarlýsingu, slökkvibúnað og sjálfvirka brunaviðvörðun. Einnig flóttaleiðir samkv. 10. kafla reglugerðarinnar um umferðarleiðir og ákvæði 132. gr. um brunamótstöðu burðarvirkja.
4. Til viðbótar skal gera brunatæknilega grein fyrir eldvörnum vegna fyrirhugaðs skemmtanahalds. Í greinargerð komi fram uppstilling og umbúnaður skemmtunar, þ.e. fjöldi gesta og starfsfólks, svið, stólauppstilling, girðingar eða afmörkun svæða, opin svæði gesta, lokuð svæði starfsfólks, slökkvibúnaður, hámarks fólksfjöldi, flóttaleiðir að útgöngum, og fyrirkomulag öryggisgæslu. Rökstyðja þarf sérstaklega eftirtalin atriði:
 - a. Möguleika á flótta úr byggingu og hámarksfjölda fólks í henni.
 - b. Að ekki sé um að ræða sérstakar hættur sem geta ógnað öryggi fólks eða skert möguleika þess til flóttu, t.d. skerta eða seinkaða viðvörðun, íkveikjuhættu eða reykjarmyndun.

- c. Mögulega skerðingu á ofangreindum grunnákvæðum um eldvarnir af tækni-
legum ástæðum, og mótvægisáðgerðir af þeim sökum.
Einnig skal gera grein fyrir því hvernig eigin eftirliti forráðamanns með
viðkomandi samkomuhaldi skuli háttáð og viðbragðsáætlun starfsmanna.
Áætlunin skal vera skrifleg og kynnt hlutaðeigandi starfsmönnum.
5. Eigendur bygginga þar sem reglubundið eru haldnar tækifærisskemmtanir skulu
láta gera sérstaka brunahönnun fyrir þá notkun. Hönnunin skal taka mið af þeim
þáttum sem vikið er að í liðum 3 og 4 hér að framan og kveða skýrt á um þær
reglur sem skemmtanahald í byggingunni skal lúta. Sé bygging notuð fyrir fleiri
en eina tegund skemmtanahalds umfram það sem hún er hönnuð fyrir, skal sérstök
brunahönnun taka til allra þeirra möguleika.
6. Í þeim byggingum sem falla undir lið 5 hér að framan skal eigandi eða forráða-
maður upplýsa ábyrgðaraðila fyrirhugaðrar skemmtunar um brunatæknileg
skilyrði skemmtanahalds og tryggja að eftir þeim sé farið. Jafnframt skulu eigandi
eða forráðamaður byggingar upplýsa SHS um fyrirhugað skemmtanahald. Einnig
skulu eigandi eða forráðamaður skila eftirfarandi gögnum til SHS:
- Yfirlýsingu frá rafvirkja um að út- og neyðarlýsing sé yfirfarin og í lagi.
 - Yfirlýsingu um að slökkvitæki séu yfirfarin og í lagi.
 - Yfirlýsingu vottaðs þjónustuaðila um að sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi sé
yfirfarið og í lagi, að kerfið sé tengt viðurkenndri vaktstöð og að um það sé
gildandi þjónustusamningur.
 - Sé sjálfvirkt vatnsúðakerfi hluti af eldvörnum viðkomandi byggingar skal skila
yfirlýsingu vottaðs þjónustuaðila um að kerfið sé yfirfarið og í lagi, og að um
það sé gildandi þjónustusamningur.
 - Staðfestingu á að reyklúgur eða reykblásarar hafi verið prófaðir og virki eins
og til er ætlast.
7. SHS áskilur sér fullan rétt til að hafa eftirlit með undirbúningi skemmtanahalds
og setja öryggisvakt ef ástæða þykir til. Þetta byggir á heimild í 29. og 30. gr. laga
um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum. Innheimt er fyrir kostnaði sem
af þessu hlýst samkvæmt gjaldskrá SHS.
8. Sé fyrirhugað skemmtanahald í byggingu sem hefur hlotið sérstaka brunahönnun
fyrir tilfallandi skemmtanahald sbr. gr. 5, afgreiðir slökkviliðsstjóri umsögn til
lögreglustjóra án sérstaks samráðs við viðkomandi byggingarfulltrúa. Falli
byggingin ekki í þennan flokk mun slökkviliðsstjóri upplýsa byggingarfulltrúa um
málið. Byggingarfulltrúi getur eftir atvikum tekið þátt í vinnslu málsins eða óskað
eftir því að slökkviliðsstjóri ljúki því án hans íhlutunar. Slík mál verða ekki
afgreidd til lögreglustjóra án samráðs við byggingarfulltrúa.

Reykjavík 08. september 2007

Jón Viðar Matthíasson

Slökkviliðsstjóri

Skýringar við verklagsreglur um tækifærisskemmtanir

Almennar skýringar

Þessar reglur fela í sér að nú eru gerðar auknar kröfur til öryggis við tækifærisskemmtanir. Þótt SHS hafi fram að þessu reynt eftir fremsta megni að tryggja viðunandi öryggi við þessar aðstæður hefur það of oft verið vandkvæðum bundið og árangur hefur því miður ekki alltaf verið sem skyldi. Meginástæður þessa eru þrjár.

Í fyrsta lagi er stundum óskað eftir að nota byggingar þar sem eldvarnir eru verulega takmarkaðar m.t.t. fyrirhugaðrar notkunar. Þetta getur t.d. verið vegna takmarkaðra flóttaleiða, eða brennanlegra innanhússklæðninga.

Í öðru lagi er ekki óalgengt að fyrirvari sé of stuttur þannig að svigrúm til nauðsynlegra úrbóta á eldvörnum húsnæðis er ekki nægjanlegt.

Og í þriðja lagi er það alla jafna viðkomandi skemmtanahaldari sem er í samskiptum við SHS en ekki eigandi eða forráðamaður húsnæðisins, sem bera þó alla ábyrgð á eldvörnum þess samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Með forráðamanni, sé hann annar en eigandi húsnæðis, er hér átt við þann aðila sem hefur húsnæðið í fastri leigu; ekki þann sem leigir það í stuttan tíma vegna tilfallandi samkomuhalds. Meginbreytingar sem þessar reglur hafa í för með sér felast annars vegar í því að undirbúningur þarf að verða ítarlegri og markvissari en almennt hefur verið. Hinsvegar er það eigandi eða eftir atvikum fastur forráðamaður viðkomandi húsnæðis sem skal standa skil á eldvörnum húsnæðis gagnvart SHS.

Skýringar við einstakar reglur

1. Þrátt fyrir að lögreglustjóri veiti leyfi til skemmtanahalds að fenginni umsögn slökkviliðsstjóra, er valdsvið hins síðarnefnda umtalsvert. Samkvæmt 31. gr. laga um brunavarnir getur slökkviliðsstjóri lokað mannvirki ef um ítrekað eða alvarlegt brot er að ræða. Varði alvarlegt brot ágalla sem stríða gegn því meginmarkmiði SHS að tryggja líf og öryggi fólks, má búast við að húsnæði verði lokað að hluta eða öllu leyti eða notkun þess takmörkuð á þann hátt að öryggi verði viðunandi.
2. Í lögum um brunavarnir nr. 2000/75 segir í 23. gr. að „*eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum og taki mið af þeirri starfsemi sem í mannvirkinu fer fram á hverjum tíma*“. Ennfremur að „*eigandi og eftir atvikum forráðamaður mannvirkis ber ábyrgð á eigin brunavörnum, að þær séu virkar og að haft sé reglubundið eftirlit með þeim. Jafnframt er þeim skylt að hlíta fyrirmælum eftirlitsmanna sveitarfélaga og opinberra stofnana um úrbætur sem eiga sér stoð í lögum og*

reglugerðum um brunavarnir, byggingarmál, öryggismál, hollustuhætti og mengunarvarnir og eiturfni og hættuleg efni.“

Séu þessi fyrirmæli laganna heimfærð upp á tilfallandi samkomuhald skal forráðamaður sjá til þess að tryggja eldvarnir sem eru til komnar vegna samkomuhaldsins sjálfs, og lýst er í 1. mgr. 4. gr. verklagsreglnanna. Eigandi húsnæðis skal hinsvegar sjá til þess að viðkomandi húsnæði uppfylli kröfur um eldvarnir og standa SHS skil á því. Samræming á öryggisþáttum sem eigandi og forráðamaður bera ábyrgð á er á ábyrgð eiganda húsnæðis, þ.m.t. sérstök brunatæknileg greinargerð sé hennar þörf.

3. Gott dæmi um byggingar sem almennt uppfylla fyrirmæli 2. gr. eru íþróttahús. Samkvæmt byggingarreglugerð eru þau búin sjálfvirkum brunaviðvörðunarkerfum, út- og neyðarlýsingu og óbrennanlegum vegg- og loftklæðningum. Umfang flóttaleiða er hinsvegar breytilegt og setur takmarkanir á mögulegan gestafjölda. Sama gildir t.d. um afköst reykræsingar sem meta þarf sérstaklega sbr. 3. gr. Einnig geta aðrar byggingar svo sem vöruhús oft hentað til tilfallandi skemmtanahalds með einhverjum lagfæringum. Hús sem t.d. er með óbrennanlegar innanhússklæðningar og möguleika á nægum útgöngum, má hæglega gera viðunandi með því að setja upp tímabundið brunaviðvörðunarkerfi auk út- og neyðarlýsingar. Fýsileiki þessa fer þó eftir aðstæðum og er skynsamlegt að hafa samband við SHS með góðum fyrirvara til að kanna möguleika á fyrirhuguðu samkomuhaldi í tiltekinni byggingu. Hús sem eru með brennanlegar innanhússklæðningar, ónóga reykræsingu og takmarkaðar flóttaleiðir verða ekki heimiluð til samkomuhalds nema með tilhlýðilegum úrbótum.
4. Í þessari grein er ekki fjallað um húsnæðið sjálft heldur þær hættur sem felast í samkomuhaldinu sjálfu og ráðstafanir vegna þeirra. Þetta tengist að sjálfsögðu eldvörnum húsnæðisins. Tiltekið samkomuhald getur kallað á auknar kröfur til húsnæðis, t.d. vegna fólksfjölda eða brunaálags, eða sérstakra mótvægisáðgerða ef það skerðir eldvarnir húsnæðis, t.d. ef einangra þarf hluta viðvörðunarkerfis vegna notkunar reykvéla. Sé þetta borið saman við húsnæði sem er hannað og byggt fyrir ákveðna tegund samkomuhalds, þá tekur hönnun þess ekki aðeins til grunnatriða í eldvörnum heldur eru þær sniðnar að þeirri starfsemi sem þar er rekin. Að sama skapi verður því undirbúningur á eldvörnum vegna tilfallandi samkomuhalds að taka til húsnæðisins sjálfs og þeirrar tilteknu skemmtunar sem þar á að halda.
5. Allnokkur hús á starfssvæði SHS, t.d. íþróttahús, eru með jöfnu millibili notuð til annars samkomuhalds en íþróttaviðburða. SHS hefur gjarnan staðið frammi fyrir því að þurfa ítrekað að vinna í sömu öryggisþáttum við svipaðar skemmtanir í sama húsi, en gagnvart mismunandi skemmtanahöldurum. Þetta mun breytast í samræmi við 1. gr. og skýringar á henni hér að framan. SHS gerir nú kröfu um sérstaka greinargerð eða brunahönnun sem tekur mið af mögulegri notkun hússins; lýsa skal uppsetningu og umbúnaði samkomuhalds og þeim ráðstöfunum sem gera þarf vegna eldvarna, jafnt á húsnæði sem búnaði er varðar samkomuhaldið sjálft. Sem dæmi um svona fyrirkomulag má nefna Egilshöll í Reykjavík. Húsið er hannað til daglegra nota sem íþróttahús, en brunahönnun þess miðar einnig við að þar geti verið samkomur fyrir allt að 18 þúsund manns. Þótt eðlilega þurfi að gera margvíslegar brunatæknilegar ráðstafanir þegar húsinu er breytt til slíkra nota, þá liggur ljóst fyrir í hverju þær felast og hvernig að þeim skuli staðið.
6. Þar sem viðkomandi húsnæði er ekki notað daglega til samkomuhalds er hver tilfallandi samkoma meðhöndluð á sama hátt og þegar um nýjan samkomustað er

að ræða. Hlutverk eiganda og forráðamanns í þessum efnum er í samræmi við 2. gr. verklagsreglnanna og skýringa á henni hér að framan.

7. Sé fyrirmælum SHS um eldvarnir ekki hlýtt við undirbúning samkomuhalds má búast við að SHS gefi lögreglustjóra neikvæða umsögn um veitingaleyfi. Öryggisvakt SHS getur bætt upp vissan vankanta á öryggi, en þetta er vandmeðfarið. Við að leyfa skemmtanahald þar sem eldvörnum er ábótavant, er slökkviliðsstjóri í raun að taka á sig ábyrgð á því öryggi sem eigandi og forráðamaður viðkomandi húsnæðis bera samkvæmt lögum. Því er eingöngu hægt að leyfa samkomuhald með öryggisvakt í þeim tilvikum sem vaktin í raun og veru vegur upp þá ágalla sem kunna að vera á eldvörnum. Í ljósi þessa er ekki hægt að fallast á takmarkaða útganga, brennanlegar innanhússklæðningar eða skerta neyðarlýsingu, svo nokkuð sé nefnt, á grundvelli öryggisvaktar. Hinsvegar getur t.d. verið heimilt að einangra hluta brunaviðvörðunarkerfis vegna notkunar á sviðsreyk, þar sem vaktmenn slökkviliðsstjóra geta boðað slökkvilið og sett af stað rýmingu úr viðkomandi húsnæði ef eldur verður þar laus. Þrátt fyrir að engir sérstakir ágallar séu á eldvörnum getur slökkviliðsstjóri engu að síður sett öryggisvakt vegna skemmtanahalds ef áhætta kallar á slíkt. Þar sem hlutir eru settir upp til bráðabirgða er meiri hættu á að eitthvað fari úrskeiðis, auk þess sem fjölmargir öryggisþættir eru háðir mannlegri hegðan; að umgengni sé góð, réttar ákvarðanir séu teknar og hlutum rétt fyrir komið.

Lokaorð

Þótt reglur þessar muni óhjákvæmilega valda einhverjum aukinni fyrirhöfn vegna tilfallandi skemmtanahalds, verður ávallt að hafa í huga að þær þjóna því meginmarkmiði að tryggja líf og öryggi fólks. SHS mun að sjálfsögðu aðstoða eigendur og forráðamenn húsnæðis eftir bestu getu og leiðbeina þeim við úrlausn sinna mála.